

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

43. fundur verkefnahóps BsVest var haldinn þann 27. október 2014 kl. 10:00 að Árnagötu 2-4.

Mætt voru Sif Huld Albertsdóttir formaður, Guðný Hildur Magnúsdóttir, María Játvarðardóttir og Margrét Geirsdóttir. Elsa Reimarsdóttir boðaði forföll. Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri BsVest sat fundinn undir liðum 5-7. Fundarritari var Sif Huld Albertsdóttir

1. Fundargerð 42. fundar verkefnahóps.
Fundargerð samþykkt.
2. NPA reglur breytingar.
Verkefnahópur fór yfir þær athugasemdir sem lögfræðingur Sambandsins og Gréta Sjöfn verkefnastjóri SSNV sendu til BsVest, verkefnahópur felur verkefnastjóra að leggja fyrir stjórn drög að reglum varðandi NPA til samþykktar.
3. Fjárhagsáætlun.
Ákveðið var að skila inn drögum að fjárhagsáætlun eigi síðar en 13. nóvember 2014.
Verkefnahópur bendir á aukna þjónustu á hluta félagsþjónustusvæðisins sem mun koma fram í fjárhagsáætlun svæðanna. Verkefnahópur tók þá ákvörðun að gera fjárhagsáætlun þó svo framlög jöfnunarsjóðs fyrir árið 2015 sé ekki komið, en taka jafnframt mið af framlögum jöfnunarsjóðs þegar þau berast.
4. Dagskrá af starfsdeginum með félagsþjónustusvæðunum.
Verkefnastjóri kynnti drög af dagskrá starfsdags, þann 13. nóvember n.k.
(Aðalsteinn kom á fundinn)
5. Undanþága vegna íbúafjölda.
Verkefnastjóri tilkynnti að þörf væri á að fara yfir samning milli þjónustusvæðanna og BsVest, Verkefnastjóra falið að ráðfæra sig við lögfræðing Sambandsins varðandi efni samningsins og senda síðan til stjórnar til samþykktar.
6. Þjónustusamningarnir endurskoðun.
Verkefnahópur fór yfir þjónustusamninginn og viðaukana og felur verkefnastjóra að ráðfæra sig við lögfræðing Sambandsins varðandi efni samningsins og senda síðan til stjórnar til samþykktar.
7. Samningur BsVest og sveitarfélaganna.
Verkefnastjóra falið að skoða samninginn nánar með tilliti til lagagreina og umræðu á fundinum. Bera drögin undir lögfræðing Sambandsins, síðar undir stjórn BsVest.

Fundi slitið 14:45.

Sif Huld Albertsdóttir
Verkefnastjóri
BsVest